

Nd.

101. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita bæjarfélögum, sem þess óska, einkaleyfi til bæjarrekstrar.

Flm.: Ísleifur Högnason.

1. gr.

Ríkisstjórn er heimilt að veita bæjar- og sveitarfélögum, er þess óska, einkaleyfi til þess að annast uppskipun og útskipun vara á höfnum sínum. Slíkt einkaleyfi nær þó ekki til skipa, sem fiskveiðar stunda, eða báta, sem eru undir 15 tonn að stærð.

2. gr.

Nú hefir bæjarfélagi verið veitt einkaleyfi samkvæmt 1. gr., og skal bæjarstjórn þá semja gjaldskrá yfir upp- og útskipun, sem síðan skal staðfest af atvinnumálaráðuneytinu og gefin út í B-deild Stjórnartíðindanna.

3. gr.

Ríkisstjórn getur veitt bæjarfélögum, er þess óska, einkaleyfi til sölu á kolum eða öðrum nauðsynjum, ef hún telur það æskilegt, einkum vegna þess, að hætta sé

á, að annars verði ekki nægar birgðir fyrir hendi til þess að fullnægja þörfum bæjarbúa. Einkaleyfi það, sem nefnt er í þessari grein, nær til allrar sölu á viðkomandi vörutegund innan takmarka bæjarins, en þó skulu iðnaðar- eða útgerðarfyrirtæki, sem sjálf hafa keypt frá útlöndum kol til starfrækslu sinnar, hafa rétt til þess að gera það áfram þrátt fyrir einkasölu bæjarfélagsins.

4. gr.

Nú hefir bæjarfélagi verið veitt einkaleyfi, sem um ræðir í 3. gr., og skal þá ríkisstjórn, eftir að henni hafa borizt tillögur viðkomandi bæjarstjórnar, ákveða, hve mikil álagning skuli heimiluð.

5. gr.

Ríkisstjórn getur veitt bæjarfélögum einkaleyfi til rekstrar kvikmyndahúsa innan takmarka sinna. Nú hefir bæjarfélag fengið slíkt einkaleyfi, og getur þá bæjarstjórn, að fengnu leyfi ráðuneytisins, krafizt þess, að kvikmyndasýningahús, sem í bænum kunna að vera, séu tekin eignarnámi til handa bæjarfélaginu.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tekjuþörf bæjar- og sveitarfélaga fer víðast stöðugt vaxandi. Hið stöðuga kreppuástand í sjávarútvegi, sérstaklega saltfiskframleiðslunni, veldur því, að skattstofnar þeir, sem nú eru, nægja ekki til að standa straum af gjöldum bæjar- og sveitarfélaga. Hinsvegar eru víða á þessum stöðum ýms fyrirtæki, og sérstaklega þau, er um ræðir í 1. og 5. gr. frumvarpsins, áhættulaus og arðbær í höndum einkafyrirtækja, sem víðast hafa samkeppnislausu einokunaraðstöðu. Virðist því sanngjarnt, að bæjar- og sveitarfélög ættu kost á að reka þessi fyrirtæki til almenningsþarfa, og væri þá jafnframt skapaður möguleiki fyrir þau að auka tekjur sínar að verulegu leyti án þess að íþyngja almenningi með auknum álögum.

3. gr. frumv. er annars eðlis og ekki ætluð sem fjáröflunarleið, heldur ráðstöfun viðkomandi bæjar- og sveitarfélaga til þess að tryggja ibúunum, að vörur þær, sem þar um ræðir (kol), séu til á staðnum, en þess eru dæmi, að þær hafa þrotið um lengri eða skemmri tíma, án þess að öðru verði um kennt en hirðuleysi þeirra verzlana, sem vörurnar hafa að jafnaði á boðstólum.

Nánar í framsögn.